



AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGS YTRA 2016-2028

Nýtt verslunar- og þjónustusvæði við Haga við Selfjall 2

Breyting aðalskipulags

28.08.2024



SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárbings ytra þann _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 13.06.2024 með athugasemdafresti til: 28.06.2024.

Aðalskipulagsbreytingin var kynnt frá: _____ með athugasemdafresti til: _____.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____.

AÐALSKIPULAGSBREYTING

SKJALALYKILL

108906-GRG-001-V01

HÖFUNDUR

MS / BRE

RÝNT

ÁJ

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Staðhættir	5
3	TENGLI VIÐ ÁÆTLANIR	5
3.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	5
3.2	Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028	6
3.3	Deiliskipulag	6
3.4	Fornminjar	6
4	BREYTING AÐALSKIPULAGS	7
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	7
5.1	Valkostir	7
5.2	Umhverfispættir og áherslur	7
5.3	Mat á umhverfisáhrifum	9
5.4	Niðurstaða	10
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	11
6.1	Umsagnaraðilar	11
6.2	Skipulagsferli	11

1 INNGANGUR

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Rangárbings ytra 2016-2028 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Svæðið sem breytingin nær yfir er hluti af landi Haga við Selfjall 2 (landnr. 176252). Í gildandi Aðalskipulagi Rangárbings ytra 2016-2028 er svæðið skilgreint sem frístundabyggð F19. Syðstu lóðinni í frístundabyggðinni er breytt í nýtt verslunar- og þjónustusvæði, um 15.500 m² að stærð þar sem heimilt verður að vera með gistingu fyrir allt að 12 í flokki II (gististaður án veitinga) og ýmis konar viðburði.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsupprætti. Skipulagsgögn eru greinargerð þessi með skipulagsskilmálum ásamt skipulagsupprætti.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Landeigandi Haga við Selfjall 2 óska eftir breytingu á landnotkun á lóð sinni þar sem núverandi frístundalóð verður að verslunar- og þjónustulóð. Fyrirhugað er að bjóða upp á gistingu og vera með ýmis konar viðburði, einkum tengda leiðtoga- og heilsupjálfun.



Mynd 1 Yfirlitsmynd af skipulagssvæðinu. Fyrirhugað verslunar og þjónustusvæði er innan græna rammans.

2.1 Staðhættir

Lóðin Hagi við Selfjall 2 er skráð 15.500 m² að stærð skv. HMS. Aðkoma að svæðinu er af Hagabraut (286) og um núverandi aðkomu að frístundabyggðinni. Eystra-Gíslaholtvatn er skammt frá svæðinu og mikið er um frístundabyggðir meðfram veginum.

Lóðin er í brekku og hallar til vesturs. Svæðið er gróið og þar er að finna vistgerðirnar língresis- og vingulsvist, starungsmýravist og víðikjarrvist. Tvær þær síðastnefndu hafa mjög hátt verndargildi og língresis- og vingulsvist hefur hátt verndargildi. Í drögum að flokkun landbúnaðarlands þá er umrætt svæði í flokki III, sem er sæmilegt ræktunarland. Innan svæðis er sumarbústaður, 53 m² að stærð sem byggður var árið 1998. Engar þekktar náttúruminjar eru á lóðinni.

Svæðið er innan grunnvatnshlotsins Gíslholtsvötn nr. 103-44-G. Skv. upplýsingum UST er núverandi ástand vatnshlotsins gott en ekki er vitað hvort umhverfismarkmið náist.

3 TENGSL VIÐ ÁÆTLANIR

Við breytingu á aðalskipulagi er horft til stefnu eftirfarandi áætlana:

3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í Landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál. Hún tekur til verndar og ráðstöfunar lands á hálendi Íslands, í þéttbýli og dreifbýli og sjálfbæra nýtingu haf- og strandsvæða. Landsskipulagsstefna byggir á þeirri framtíðarsýn í skipulagsmálum „að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji samheppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum.“

Loftslagsaðlögun, kolefnishlutleysi og binding gróðurhúsalofttegunda eru undirstaða stefnunnar. Stuðla þarf með markvissum hætti að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun samhliða því að stuðla að seiglu samfélagsins gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga. Í stefnunni eru sett fram eftirfarandi markmið:

Markmið um *vernd umhverfis og náttúru* stuðlar að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni.

Markmið um *velsæld samfélagsins* stuðlar að almennri velsæld í samfélagi og gæðum í hinum byggða umhverfi. Skipulag þarf að stuðla að jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegu umhverfi.

Markmið um *samkeppnishæft atvinnulíf* stuðlar að því að skipulag auki samkeppnishæfni samfélags og efli atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda þar sem vexti er beint á tiltekin svæði í skipulagi.

3.2 Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Í aðalskipulaginu er svæðið sem breytingin nær til skilgreint sem frístundabyggð en fyrirhugað er að breyta 15.500 m² í verslunar- og þjónustusvæði.

Í kafla 2.2.2 í aðalskipulaginu er eftirfarandi stefna fyrir **frístundabyggð**:

- Horft er til þess að ný hverfi verði að jafnaði í tengslum við núverandi frístundabyggð.
- Sameiginlegar veitur verði þar sem þéttleiki byggðar og náttúrufarslegar aðstæður leyfa.
- Frístundabyggð verði að jafnaði ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, auðlinda, náttúruvár, sögu eða almenns útivistargildis.
- Frístundalóðir skulu að jafnaði vera 0,5 – 1 ha og nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03.
- Frístundasvæði verði ekki á góðu ræktunarlandi eða á svæðum sem skilgreind eru sem hættusvæði vegna náttúruvár.
- Frístundabyggð verði sem mest á samfelldum svæðum innan hvernar jarðar, þannig að vegir og veitur nýtist sem best.

TAFLA 1. Hluti úr töflu um frístundabyggð.

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	FJÖLDI LÓÐA	FJÖLDI BYGGÐRA LÓÐA
F19	Selfjall	Svæði úr landi Haga. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir 1 lóðum og eru 8 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 14 ha.	11	8

Í kafla 2.3.4 í aðalskipulaginu er eftirfarandi stefna um **verslunar- og þjónustusvæði**:

- Stuðlað verði að nýjum atvinnutækifærum á sviði verslunar- og þjónustu.
- Þjónusta við ferðamenn verði efld, afþreyingarmöguleikum fjölgað til að fjölga atvinnutækifærum og renna styrkari stoðum undir byggðarlagið. Dregið verður úr álagi af völdum ferðamanna þar sem þess er þörf.
- Við skipulag þjónustusvæða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðamanna ásamt greiðum samgöngum og upplýsingagjöf.

3.3 Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið, Selfjall í landi Haga, samþykkt þann 10.06.1992. Fyrirhugað er að gera breytingu á deiliskipulagi í samræmi við aðalskipulagsbreytinguna. Áformað er að hafa útleigu gistingar í flokki II auk rekstri til leiðtoga- og heilsuþjálfunar. Með breyttu/nýju deiliskipulagi mun fyrra skipulag falla úr gildi. Nánari ákvæði um uppbyggingu verslunar- og þjónustulóðar verða sett í deiliskipulagi, s.s hæð húsa, byggingarmagn og frágangur lóðar.

3.4 Fornminjar

Aðalskráningu fornleifa í Rangárþingi ytra er lokið. Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðisins.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laganna. Minnt er á að friðhelgað svæði umhverfis fornminja er 15 m skv. 22. gr. laga um menningarminja nr. 80/2012.

4 BREYTING AÐALSKIPULAGS

Gerð verður breyting á sveitarfélagsuppdrætti og greinargerð gildandi aðalskipulags. Gert er ráð fyrir að fláki F19 minnki um 15.500 m². Nýtt verslunar- og þjónustusvæði VP43 er bætt inn. Textabreyting verður einnig samhliða gerð í töflu fyrir frístundabyggð F19.

TAFLA 2. Hluti úr töflu um frístundabyggð – uppfærð eftir breytingu

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	FJÖLDI LÓÐA	FJÖLDI BYGGÐRA LÓÐA
F19	Selfjall	Svæði úr landi Haga. Heimilaðar 10 lóðir sem eru byggðar. Stærð svæðis er um 13,8 ha.	10	10

TAFLA 3. Bætt inn í töflu um Verslunar- og þjónustusvæði.

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	FJÖLDI GISTI-PLÁSSA	FJÖLDI GISTIPLÁSSA HEIMILD
VP43	Hagi v. Selfjall	Gert er ráð fyrir gistingu í II flokki fyrir allt að 12 gesti. Ekki er gert ráð fyrir fastri búsetu á svæðinu. Heimilað að byggja aðalhús og minni gistihýsi. Hús verða á einni hæð. Heildarbyggingarmagn lóðar allt að 300 m ² . Stærð svæðis er 15.500 m ² .	0	12

5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umhverfisáhrif. Meta skal líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, eftir því sem við á, skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.

5.1 Valkostir

Stefna í gildandi aðalskipulagi (núll kostur) verður borin saman við hugmyndir um breytt aðalskipulag.

5.2 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni eru skoðuð áhrif á umhverfisþætti og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir mögulegar meginspurningar í umhverfismatsskýrslu er að finna í töflu 4. Viðmið fyrir hvern umhverfisþátt eru sett með tilliti til laga

og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

TAFLA 4. Umhverfisþættir, viðmið og matsspurningar.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
<p>Land og landslag <i>Ásýnd og sjónræn áhrif. Landnotkun.</i></p>	<p><i>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Leitast skal við að halda í dreifbýlisyfirbragð í sveitarfélaginu og mannvirki skulu falla sem best að náttúrulegu umhverfi á hverjum stað. Stuðla að fjölbreyttri landnýtingu í samræmi við landgæði og ástand lands. <p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag og skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrýma efli þau gæði sem felast í menningarlandslagi. <p><i>5. gr. Jarðalaga nr. 81/2004.</i></p>	<p>Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis? Hefur stefnan áhrif á landslagsheildir? Hefur stefnan áhrif á landnotkun?</p>
<p>Loftslagsmál <i>Kolefnisbinding. Kolefnishlutleysi.</i></p>	<p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi. <p><i>Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum.</i></p>	<p>Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið?</p>
<p>Náttúrufar <i>Gróður. Vistkerfi. Jarðvegur. Búsvæði dýra.</i></p>	<p><i>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Huga skal að því að gróðursvæði verði fyrir sem minnstum áhrifum vegna framkvæmda. Stuðla að gróðurvernd, landgræðslu og fjölbreyttari landnýtingu í samræmi við landgæði og ástand lands. <p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Stuðla skal að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. <p><i>Vistgerðarkortlagning NÍ.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <i>VOT-S-3 mikilvægt fuglasvæði.</i> VOT-S-3 mikilvægt fuglasvæði. <p><i>Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Stuðla að verndun líffræðilegrar fjölbreytni og búsvæði dýra. 	<p>Hefur stefnan áhrif á gróður, jarðveg og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?</p>
<p>Heilnæmt umhverfi <i>Mengun og hávaði. Vatnsvernd.</i></p>	<p><i>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Öll mannvirki skulu hafa fráveitu sem viðurkennd er af heilbrigðiseftirliti. Leitast skal við að vera með sameiginlega fráveitu og tryggja gott aðgengi að hreinsivirkjum. <p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsméðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. <p><i>Vatnaáætlun Íslands 2020-2037.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. <p><i>Reglugerð um hávaða nr. 724/2008.</i> <i>Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.</i> <i>Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.</i></p>	<p>Er hætta á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins? Hefur stefnan áhrif á vatnshlot?</p>
<p>Samfélag <i>Þjónusta við ferðamenn. Atvinnulíf. Íbúar.</i></p>	<p><i>Aðalskipulag Rangárþing ytra 2016-2028.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Stuðlað verður að áframhaldandi uppbyggingu í dreifbýli sem styrkir rekstur núverandi veitu- og dreifikerfa. 	<p>Stuðlar stefnan að betri aðstöðu og þjónustu fyrir ferðamenn? Hefur stefnan áhrif á atvinnu-tækifæri?</p>

	<ul style="list-style-type: none"> Efla byggð og atvinnulíf, stuðla að fleiri og fjölbreyttari atvinnutækifærum á sviði verslunar- og þjónustu. Styrkja ferðaþjónustu og auka gistirými á svæðinu í samræmi við fjölgun ferðamanna. <p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag um uppbyggingu ferðaþjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á. Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands. <p><i>Stefnuramma íslenskrar ferðaþjónustu til 2030.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Markmið um sjálfbæra þróun greinarinnar með arðsamri og samkeppnishæfni ferðaþjónustu í sátt við land og þjóð. 	Hefur stefnan áhrif á íbúa á nærliggjandi lóðum?
Náttúru- og menningarminjar <i>Fornminjar.</i>	<p><i>Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Landnotkun stuðli að heilnæmu umhverfi og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. <p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru- og menningarminja. <p><i>Aðalskráning fornminja.</i></p> <p><i>Lög um menningarminjar nr. 80/2012.</i></p>	Hefur stefnan áhrif á fornminjar?

5.3 Mat á umhverfisáhrifum

Breytt skipulag: Gert er ráð fyrir gistingu fyrir allt að 12 gesti í aðalhúsi og minni gestahúsum. Hús eru á einni hæð og heildar byggingarmagn lóðar er allt að 300 m².

Gildandi skipulag: Frístundabyggð. Uppbygging lóðar í samræmi við skilmála fyrir frístundabyggð og gildandi skipulag.

BREYTT SKIPULAG

Áhrif á land og landslag eru metin óveruleg. Fyrirhuguð uppbygging vegna verslunar- og þjónustu er ekki það umfangsmikil að hún hafi veruleg áhrif á ásýnd svæðis umfram núverandi uppbyggingu á frístundabyggð. Skilmálar eru settir um stærð og hæð húsa sem nánar verður gert grein fyrir í deiliskipulagi. Áhersla er lögð á að uppbygging falli vel inn í umhverfið. Verslunar- og þjónustusvæðið kemur ekki til með að hafa áhrif á landnotkun nærliggjandi svæða, áfram er hægt að byggja upp frístundabyggð og stunda landbúnað á nærliggjandi svæðum.

Áhrif á loftslagsmál eru óveruleg/jákvæð. Umfang uppbyggingar er takmarkað en umferð um svæðið getur þó aukist en ekki upp að því magni að það hafi áhrif á heildarlosun kolefnis í andrúmsloftið. Orkuskipti í samgöngum koma til með að vega upp á móti.

Áhrif á heilnæmt umhverfi eru óveruleg. Ef farið er eftir viðeigandi lögum og reglugerðum er snúa að vatnsvernd, fráveitu og skólpi er ekki talið líklegt að hætta sé á mengun. Skilmálar verða settir í deiliskipulagi sem tryggja að hljóðvist innan frístundabyggðarinnar séu innan marka frá hávaða frá atvinnustarfsemi skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Verið er að fjölga gistiplássum innan sveitarfélagsins og auka þjónustu við ferðamenn. Með breytingunni er verið að skapa atvinnutækifæri með þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er innan lóðarinnar.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru óverulegar. Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðisins.

GILDANDI SKIPULAG

Áhrif á land og landslag eru metin óveruleg. Svæðið er þegar byggt og ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu. Svæðið helst með núverandi ásýnd.

Áhrif á loftslagsmál, náttúrufar og heilnæmt umhverfi eru jákvæð. Ekkert rask á gróðri og jarðvegi á sér stað og umferð helst í lágmarki. Ekki er talin hætta af mengun eða auknum hávaða.

Áhrif á samfélag eru neikvæð. Svæðið helst áfram sem frístundabyggð og leiðir því ekki af sér fjölgun atvinnutækifæra eða bættri þjónustu við ferðamenn.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru óveruleg. Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðisins.

5.4 Niðurstaða

Sveitarfélagið er hlynnt breytingunni og telur að áhrif hennar séu jákvæð yfir heildina litið. Verið er að koma til móts við ósk landeiganda til að nýta sitt land sér til tekjuöflunar og atvinnusköpunar. Uppbygging á umræddri þjónustu getur gert sveitarfélagið að aðlaðandi viðkomustað fyrir bæði innlenda- og erlenda ferðamenn. Ef vel er staðið að verki er ekki hætta á mengun á grunnvatni og ákvæði verða sett í deiliskipulagi til að draga úr ásýndaráhrifum af uppbyggingunni og tryggja aðlaðandi yfirbragð.

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulagslýsing var kynnt í júní 2024. Umsagnir bárust frá Mílu, Veitur, Umhverfisstofnun, Landsneti, Brunavörnum Rangárvallasýslu og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

6.1 Umsagnaraðilar


Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þar á meðal innan stjórnslu sveitarfélagsins.


6.2 Skipulagsferli

Eftirfarandi er líklegt skipulagsferli.




Aðalskipulag Rangárpings ytra 2016-2028

Breyting aðalskipulags - Hagi við Selfjall 2



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

Skýringar

- Svæði sem breytingin nær til
- Sveitarfélagamörk
- Friðlýstar fornminjar, ónákvæm staðsetning
- Tengivegir
- Héraðsvegir og aðrir vegir
- Reiðleið
- H Hitaveita
- R Háspennulína 132-220 kV
- V Vatnsveita
- Vatnsvernd fjarsvæði
- Vatnsvernd grannsvæði
- Vatnafar
- Stöðuvatn, tjörn, á og lækur
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Frístundabyggð
- Verslun- og þjónusta
- Vatnsból
- Hæðarlínur
- Frístundabyggð
- Landbúnaðarsvæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Landeignaskrá

Skipulagsgögn:

Uppdráttur þessi með greinargerð.



Breyting - aðalskipulags
Hagi við Selfjall 2

Verk: 108906
Unnið: GAL

Blaðstærð: A4
Rýnt: IS

Mælikvarði: 1:50.000
Breytt dags:

Dags: 28.08.2024

